*b) útflytjendur vörusendinga sem samanstanda af einum eða fleiri pökkum sem innihalda upprunavörur að heildarverðmæti **ekki meira en 6.000** evrur (SEK 61.000).”*

Heildarfjárhæð reikninga ofangreindrar sendingar, sem innihalda upprunavörur, er hærri en EUR 6.000 (SEK 61.000) eða samtals **SEK 196.513,97**

Þar sem ekki er um viðurkenndan útflutningsaðila að ræða samkvæmt a) lið 1. tl. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. lög nr. 13/1993 um Evrópska Efnahagssvæðið er innflytjanda, A., ekki heimilt að nýta sér tollfríðindi á grundvelli 1. tl. b) liðar 21. gr. ofangreindrar bókunar. Leiðir umrædd breyting því til hækkunar aðflutningsgjalda.

Greiða ber A-toll af vörunum.

Sendingarnúmer S HEG 07 09 4 SE VAG W048

Við endurskoðun tollskjala, sbr. 119. gr. tollalaga nr. 88/2005, er það mat embættisins að EUR yfirlýsingu á vörureikningi ofangreindrar sendingar skuli hafnað þar sem hún er yfir þeim verðmætismörkum sem um er getið í bókun 4 við EES-samninginn frá 1993, þar sem ekki er um viðurkenndan útflytjanda að ræða í skilningi 22. gr. umræddrar bókunar.

Reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga eru í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. lög nr 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið, en þar segir m.a. í 21. gr. áðurgreindrar bókunar:

“21. gr.

Skilyrði fyrir því að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi eða yfirlýsingu á EUR-MED-vörureikningi 1. Heimilt er að yfirlýsing á vörureikningi eða yfirlýsing á EUR-MED-vörureikningi, sem um getur í c-lið 1. mgr. 15. gr., sé gefin út:

- a) af viðurkenndum útflytjanda í skilningi 22. gr.,
eða
b) útflytjendur vörusendinga sem samanstanda af einum eða fleiri pökkum sem innihalda upprunavörur að heildarverðmæti **ekki meira en 6.000** evrur (SEK 61.000).”

Heildarfjárhæð reikninga ofangreindrar sendingar, sem innihalda upprunavörur, er hærri en EUR 6.000 (SEK 61.000), eða samtals **SEK 161.706,71**

Þar sem ekki er um viðurkenndan útflutningsaðila að ræða samkvæmt a) lið 1. tl. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. lög nr. 13/1993 um Evrópska Efnahagssvæðið er innflytjanda, A., ekki heimilt að nýta sér tollfríðindi á grundvelli 1. tl. b) liðar 21. gr. ofangreindrar bókunar. Leiðir umrædd breyting því til hækkunar aðflutningsgjalda.

Greiða ber A-toll af vörunum.

Sendingarnúmer S HEG 15 12 4 SE VAG W036

Við endurskoðun tollskjala, sbr. 119. gr. tollalaga nr. 88/2005, er það mat embættisins að EUR yfirlýsingu á vörureikningi ofangreindrar sendingar skuli hafnað þar sem hún er yfir þeim verðmætismörkum sem um er getið í bókun 4 við EES-samninginn frá 1993, þar sem ekki er um viðurkenndan útflytjanda að ræða í skilningi 22. gr. umræddrar bókunar.

Reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga eru í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. lög nr 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið, en þar segir m.a. í 21. gr. áðurgreindrar bókunar:

“21. gr.

Skilyrði fyrir því að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi eða yfirlýsingu á EUR-MED-vörureikningi
1. Heimilt er að yfirlýsing á vörureikningi eða yfirlýsing á EUR-MED-vörureikningi, sem um getur í
c-lið 1. mgr. 15. gr., sé gefin út:

- a) af viðurkenndum útflytjanda í skilningi 22. gr.,
eða

b) útflytjendur vörusendinga sem samanstanda af einum eða fleiri pökkum sem innihalda upprunavörur að heildarverðmæti **ekki meira en 6.000** evrur (SEK 61.000).”

Heildarfjárhæð reikninga ofangreindrar sendingar, sem innihalda upprunavörur, er hærri en EUR 6.000 (SEK 61.000), eða samtals **SEK 80.977,00**.

Þar sem ekki er um viðurkenndan útflutningsaðila að ræða samkvæmt a) lið 1. tl. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. lög nr. 13/1993 um Evrópska Efnahagssvæðið er innflytjanda, A., ekki heimilt að nýta sér tollfríðindi á grundvelli 1. tl. b) liðar 21. gr. ofangreindrar bókunar. Leiðir umrædd breyting því til hækkunar aðflutningsgjalda.

Greiða ber A-toll af vörunum.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að innflytjanda hafi verið fyrst gefinn frestur til 3. sept.2007 til andmæla og framlagningar gagna, eftir því sem við gæti átt.

Viðbótarfrestur til að skila inn andmælum var veittur fjórum sinnum, þá til 3. okt. 2007, 26. okt. 2007, 9. nóv. 2007 og til 30. nóv. 2007.

Hinn 30. nóv. 2007 barst tollstjóra bréf frá L., f.h. umbjóðanda síns, A., dags. 30. nóv. 2007, ásamt gögnum er því fylgdu. Þar segir m.a. *varðandi heimild tollstjóra til endurákvörðunar bendir umbjóðandi okkar (A) á að í 5. mgr. 99. gr. þágildandi tollalaga nr. 55/1987 segir að tollstjóra sé heimilt að endurávarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, enda sé gætt ákvæða 3. og 4. mgr.*

greinarinnar. Í 3. málslið 3. mgr. ákvæðisins segir að tilkynningu um að til endurákvörðun geti komið skuli tollstjóri senda eigi síðar en 45 dögum frá því að afhending vöru var heimiluð. Þar sem þessa ákvæðis hefur ekki verið gætt telur umbjóðandi okkar tollstjóra ekki njóta heimildar til endurákvörðunar aðflutningsgjalda.

Í bréfi lögmannsstofunnar kemur fram að endurákvörðunarheimild tollstjóra í þessu máli takmarkist af 45 daga fresti skv. 3. málslið 3. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, eins og henni var breytt með 26. gr. laga nr. 69/1996, þ.e. að innan þess frests verði tollstjóri að hafa boðað fyrirhugaða endurákvörðun.

Tollstjóri segir þetta ekki alls kostar rétt, því endurákvörðunarheimild tollstjóra sé rýmri þegar um sé að ræða rafrænar tollafgreiðslur. Þá gildi 6 ára fyrningarfrestur, sbr. 5. mgr. sömu greinar. Þessi rýmri frestur tollstjóra til endurákvörðunar byggir á því að í þessum tilvikum hefur tollstjóri almennt ekki undir höndum þau gögn sem tollafgreiðsla sé byggð á, heldur séu þau í höndum innflytjanda (eða aðila sem starfar í hans þágu). Tollendurskoðun í slíkum tilvikum hlýtur almennt að fara fram eftir á, þ.e. eftir tollafgreiðslu. Þessar staðreyndir hafa þótt réttlæta hinn lengri fyrningarfrest.

Almenna reglan sé hins vegar sú, þegar um sé að ræða pappírslagar tollafgreiðslur, að þá sé frestur tollstjóra til endurákvörðunar 60 dagar, enda séu gögn þess eðlis að á þeim hafi mátt byggja rétta álagningu aðflutningsgjalda, sbr. 2. mgr. 99. gr. Í þeim tilvikum gildir og hinn 45 daga frestur til að boða fyrirhugaða endurákvörðun, sbr. fyrrnefnt ákvæði 3. mgr. greinarinnar.

Þær sendingar sem um ræðir í úrskurði þessum voru allar tollafgreiddar rafrænt sbr. 3. tl. 5. mgr. 99. gr. þágildandi tollalaga nr. 55/1987.

Með bréfi dags. 14. janúar 2008 hafi innflytjanda verið veitt framlenging á fresti til frekari gagnaskila til 3. mars 2008. Í því bréfi er ítrekað að frestur til að koma að viðbótargögnum/upplýsingum sé til 3. mars 2008, en að loknum þeim fresti verður úrskurðað í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Þá segir að bréf hafi borist frá L., umboðsaðila innflytjanda, þann 29. janúar 2008 þar sem m.a. er spurt eftir því hvaða gögn tollstjóri telji sig þurfa til að upplýsa málið. Um ábyrgð á upplýsingum vísast til 32. gr. tollalaga nr. 88/2005 en þar segir m.a. „Innflytjandi, sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskyti um gagnaflytningarnet vegna SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á viðeigandi fylgiskjölum sem **eiga** að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu.“

Tollstjóri sendi lögmanni innflytjanda svarbréf þann 11. febrúar 2008, þar sem vísað er til fyrri bréfa og jafnframt ítrekað að frestur til að skila viðbótargögnum/upplýsingum sé til 3. mars 2008, en að loknum þeim fresti verði úrskurðað í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Þann 3. mars 2008 barst tollstjóra tölvupóstur frá lögmanni innflytjanda, L. þar sem óskað er eftir frekari frest til að ljúka gagnaöflun. Af hálfu tollstjóra var ekki um frekari formlegan frest að ræða og verður því úrskurðað í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Fyrir hönd innflytjanda, A., gerði L. athugasemdir við framangreint bréf tollstjóra um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 30. nóvember 2007.

Helstu atriði í andmælabréfi lögmanns innflytjanda er varða þennan úrskurð eru:

8. tl.

„Að heildarfjárhæð þeirra reikninga sem innihalda upprunavörur sé yfir verðmætamörkum samkvæmt b-lið 1. mgr. 21. gr. bókunar 4 við EES-samninginn, sbr. að útflytjandi sé ekki „viðurkenndur“ í skilningi 22. gr. sömu bókunar“

Þá segir í hinum kærða úrskurði að þann 20. maí 2008 s.l. bárust tollstjóra gögn frá innflytjanda, A. Við skoðun komst tollstjóra að því að um ófullnægjandi gögn hafi verið að ræða þar sem eingöngu sé um að ræða ný eintök af sömu reikningnum, þ.e. reikningar sem útgefnir voru eftir á, er upphaflega fylgdu ofangreindum sendingum og embættið gerði athugasemd við vegna EUR-yfirlýsinga yfir verðmætamörkum sbr. b-lið 1. tl. 21. gr. bókunar 4 við EES-samninginn.

Að mati tollstjóra hefur fyrirtækið, í ofangreindum sendingum, ranglega nýtt sér tollfríðindameðferð EUR yfirlýsingar, sbr. reit 14 á aðflutningsskýrslu.

Úr bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. lög nr. 13/1993 um Evrópska efnahags-svæðið;

„21. gr.

Skilyrði fyrir því að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi eða yfirlýsingu á EUR-MED-vörureikningi:

1. Heimilt er að yfirlýsing á vörureikningi eða yfirlýsing á EUR-MED-vörureikningi, sem um getur í c-lið 1. mgr. 15. gr., sé gefin út:

a) af viðurkenndum útflytjanda í skilningi 22. gr., eða b) útflytjendur vörusendinga sem samanstanda af einum eða fleiri þökkum sem innihalda upprunavörur að heildarverðmæti ekki meira en 6.000 evrur“

Þá segir að í umræddum sendingum sé ekki um viðurkenndan útflutningsaðila að ræða, samkvæmt kröfum 22. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. lög nr. 13/1993 um evrópska efnahagssvæðið. Til að verða viðurkenndur útflytjandi þarf að sækja um tilskilið leyfi til viðkomandi embættis viðkomandi lands, leyfið er veitt, ef skilyrði þau sem sett eru fyrir veitingu þess eru uppfyllt. Viðurkenndir útflytjendur hafa heimild til áritunar reikninga með upprunayfirlýsingu, óháð verðmæti. Heildarverðmæti upprunavara í ofangreindum sendingum er hærra en 6.000 evrur. Að mati tollstjóra ber af þeim sökum að greiða almennan toll af vörunum samkvæmt tollskrá.

Með vísan til framanritaðs koma boðaðar breytingar því til framkvæmda með úrskurði þessum. Um frekari rökstuðning vísast í fyrirhugunarbréf tollstjóra.

Tekið hefur verið tillit til þess við útreikning dráttarvaxta að tafir hafa orðið á málinu.

Tollstjóri telur að aðflutningsgjöld af umræddum sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Er á því byggt, eins og að framan er rakið, að við endurskoðun tollaskjala hjá A., sbr. 119. gr. tollalaga nr. 88/2005, kom í ljós að EUR verðmætayfirlýsingar sendinga, voru ófullnægjandi eða yfir verðmætamörkum sbr. reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga í bókun 4, IV. Viðauka við EES – samninginn, sbr. lög nr 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið.

Rétt er að taka fram að tollstjóri sendi innflytjanda A. þrjú bréf vegna fyrirhugaðrar endurákvörðunar og er þessi úrskurður byggður á bréfi um fyrirhugaða endurákvörðun sem var sent til innflytjanda 21. maí 2007.

Hefur því verið ákveðið að endurákvörða aðflutningsgjöld af umræddum sendingum í samræmi við 1. mgr. 99 gr. tollalaga nr. 55/1987.

Þar sem fyrrgreindar sendingar voru upphaflega tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2006 gilda tollalög nr. 55/1987 um endurákvörðun aðflutningsgjalda, sbr. gildistökuákvæði nýrra tollalaga nr. 88/2005.

Eindagi viðbótarfjárhæðar þegar aðflutningsgjöld eru endurákvörðuð er tollafgreiðsludagur vörusendingar, sbr. 2. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Um dráttarvexti fer skv. 3. mgr. 108. gr. tollalaga 55/1987, en þar kemur fram að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi. Dráttarvextir til 3. maí 2007 skulu vera þeir sömu og Seðlabandi Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 04 05 4 SE VAG W051

Almennur A- tollur	kr.	136.819
XC-vörugjald 15%	kr.	53
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	33.533
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	115.089
Samtals	kr.	285.494

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 27 07 4 SE VAG W029

Almennur A- tollur	kr.	185.683
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	45.494
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	144.781
Samtals	kr.	375.958

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 13 07 4 SE VAG W056

Almennur A- tollur	kr.	208.079
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	50.979
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	162.737
Samtals	kr.	421.795

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 25 03 4 SE VAG W040

Almennur A- tollur 15%	kr.	164.916
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	40.405
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	142.874
Samtals	kr.	348.195

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 25 03 4 SE VAG W039

Almennur A- tollur	kr.	290.303
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	71.124
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	253.296
Samtals	kr.	614.723

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 18 05 4 SE VAG W045

Almennur A- tollur 15%	kr.	202.520
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	49.618
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	170.450
Samtals	kr.	422.588

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 06 04 4 SE VAG W038

Almennur A- tollur 10%	kr.	160.559
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	39.337
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	139.966
Samtals	kr.	339.862

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 19 10 4 SE VAG W041

Almennur A- tollur	kr.	89.399
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	19.671
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	63.016
Samtals	kr.	172.086

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 05 10 4 SE VAG W050

Almennur A- tollur	kr.	278.320
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	68.189
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	200.647
Samtals	kr.	547.156

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 27 07 4 SE VAG W033

Almennur A- tollur 15%	kr.	188.316
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	46.137
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	146.832
Samtals	kr.	381.285

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 22 09 4 SE VAG W053

Almennur A- tollur	kr.	238.351
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	58.395
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	171.451
Samtals	kr.	468.197

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S ARN 08 06 4 SE VAG W032

Almennur A- tollur	kr.	312.094
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	76.467
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	256.894
Samtals	kr.	645.455

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S ARN 09 11 4 DK AAR A015

Almennur A- tollur 10%	kr.	13.501
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	3.308
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	9.356
Samtals	kr.	26.165

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 10 08 4 SE VAG W025

Almennur A- tollur	kr.	180.681
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	30.911
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	126.978
Samtals	kr.	338.570

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S ARN 25 05 4 SE VAG W028

Almennur A- tollur	kr.	186.242
--------------------	-----	---------

Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	45.628
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	155.453
Samtals	kr.	387.323

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 07 09 4 SE VAG W048

Almennur A- tollur 10%	kr.	182.487
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	44.709
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	136.632
Samtals	kr.	363.828

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HAB 30 06 4 SE VAG W033

Almennur A- tollur 15%	kr.	248.171
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	61.921
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	191.830
Samtals	kr.	501.922

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 15 12 4 SE VAG W036

Almennur A- tollur 15%	kr.	121.820
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	29.846
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	82.884
Samtals	kr.	234.550

Tollstjóri úrskurðar, með vísan til þess sem hér hefur verið rakið að vangreidd aðflutningsgjöld ásamt vöxtum skuli vera kr. **6.875.152.-**

Eins og áður er rakið kærði kærandi úrskurð tollstjóra til ríkistollanefndar með kæru, dags. 7. október 2008. Kærandi telur tollstjóra ekki hafa haft heimild til þess að endurákvarða aðflutningsgjöld 6 ár aftur í tímann, þar sem skilyrði fyrir slíkri málsmeðferð, sem tryggja skyldu réttaröryggi innflytjanda, voru ekki uppfyllt, sbr. 1. málslíð 5. mgr. 99. gr. og 3. málslíð 3. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987. Þá telur kærandi málsmeðferð þessa hafa verið í röngum farvegi frá upphafi, þar sem að rannsóknin hafi átt að fara fram hjá tollyfirvöldum útflutningslandsins, og á útflytjanda, sbr. 33. gr. bókunar 4 við EES-samninginn. Rannsókninni skyldi ekki háttáð þannig að innflytjandi hafi átt að leggja fram sannanir um uppruna vara, sem hann ætti að afla hjá útflytjanda. Kæranda reyndist það enda illmögulegt að svo löngum tíma liðnum frá innflutningi, auk þess sem kærandi hafði engar þvingandi gagnaöflunarheimildir ólíkt tollyfirvöldum útflutningsvaldsins.

Ljóst sé að álagning aðflutningsgjalda á vörur sem almennt séu tollfrjálsar sé verulega íþyngjandi ákvörðun. Við slíka ákvörðun verði tollstjóri að taka tillit til reglna stjórnisýsluréttar m.a. um leiðbeiningarskyldu, málshraða, andmælarétt aðila, auk rannsóknarreglunnar, og síðast en ekki síst meðalhófsreglunnar. Þá segir í kærinni að við ákvörðun tollstjóra hafi ekki verið gætt að þessum atriðum og sé til að mynda ljóst að ekkert tillit hafi verið tekið til þess að hér sé einungis um formsatriði að ræða við innflutning á vörum sem ella væru tollfrjálsar, þar sem þær eigi uppruna sinn á EES-svæðinu.

Af framangreindu má sjá að mati kæranda, að úrskurður tollstjóra frá 11. ágúst 2008, í máli nr. 37/2008, var haldinn verulegum annmörkum. Telur kærandi að annmarkar þessir leiði til ógildingar úrskurðarins.

Þá segir að sé ríkistollanefnd á öðru máli telur kærandi að meðalhófsregla stjórnisýslulaganna leiði til þess að hæfilegt sé að veita kæranda áminningu, í stað þess að endurákvæða aðflutningsgjöldin. Sérstaklega í ljósi þess að andmælaréttur kæranda var gríðarlega takmarkaður, þar sem geymsluskylda gagna samkvæmt 29. gr. bókunar nr. 4 við EES-samninginn var ekki lengur við lýði.

Meti ríkistollanefnd það svo að kæranda beri að greiða gjöld af umræddum sendingum telur kærandi að miða beri greiðslu dráttarvaxta við mánuð frá dagsetningu bréfs tollstjóra, þ.e. frá 21. júní 2007, í samræmi við 3. mgr. 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar með bréfi, dags. 14. október 2008. Í svari sem barst nefndinni þann 6. nóvember 2008 hafnar tollstjóri fram komnum rökstuðningi kæranda og krefst embættið þess að hinn kærði úrskurður tollstjóra verði staðfestur.

Kæranda var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með bréfi, dags. 6. nóvember 2008. Í svari, dags. 21. nóvember 2008, sem barst nefndinni þann 3. desember 2008 er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og fyrri kröfur ítrekaðar.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og aflað gagna og farið yfir málavexti. Mál þetta hófst með því að tollstjóri sótti gögn til kæranda í ágúst 2005 til að skoða innflutning kæranda á vörum á árinu 2004. Eftir rannsókn tollstjóra, bréfa- og tölvusamskipti svo og fundi með kæranda tilkynnti tollstjóri með bréfi, dags. 21. maí 2007, um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda á nánar tilgreindum 18 vörusendingum sem tollafgreiddar höfðu verið á árinu 2004. Var kæranda jafnframt veittur frestur til andmæla til 5. júní 2007. Athugasemdir tollstjóra eru af ýmsum toga, s.s. að fríðindameðferð vöru sé hafnað þar sem sendingar uppfylli ekki skilyrði bókunar 4 með EES samningnum s.s. að upprunaland sé ranglega tilgreint, að fyrirliggjandi EUR yfirlýsing sé ófullnægjandi, að EUR yfirlýsingu og/eða EUR skírteini vanti og að ekki sé um viðurkenndan útflutningsaðila að ræða skv. kröfum bókunar 4.

Í framhaldi af bréfi tollstjóra hófust mikil og langvarandi tölvusamskipti og bréfaskipti milli tollstjóra og kæranda þar sem kærandi biður tollstjóra þrúfaldlega um aukinn frest til að svara bréfi tollstjóra frá 21. maí 2007 og tollstjóri veitir kæranda ítrekað frest. Það er síðan loks með bréfi,

dags. 30. nóvember 2007, sem kærandi sendir tollstjóra skrifleg mótmæli við fyrirhugaðri endurákvörðun tollstjóra, dags. 21. maí 2007.

Það er síðan með úrskurði nr. 37/2008, dags. 11. ágúst 2008, sem tollstjóri endurákvæðar með rökstuðningi gjöld á umræddar 18 vörusendingar.

Kærandi kærði úrskurð tollstjóra til ríkistollanefndar með kæru, dags. 7. október 2008. Kæran var send tollstjóra til umsagnar sem sendi skriflega greinargerð um málið dags. þann 6. nóvember 2008. Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar og sendi kærandi svar við athugasemdum tollstjóra með bréfi til ríkistollanefndar, dags. 21. nóvember 2008.

Í framhaldi af því að nefndin hafði fengið allar umsagnir og gögn aðila vegna úrskurðar nr. 37/2008 sendi ríkistollanefnd tollstjóra bréf og óskaði eftir upplýsingum um öll bréfa- og tölvusamskipti sem farið hefðu milli aðila frá því að tollstjóri sendi kæranda bréf sitt, dags. 21. maí 2007, um fyrirhugaða endurákvörðun, til að varpa betur ljósi á hið langa samskiptaferli aðila frá bréfi tollstjóra, dags. 21. maí 2007, til uppkvaðningu úrskurðar nr. 37/2008, dags. 11. ágúst 2008. Tollstjóri sendi ríkistollanefnd umbeðna samantekt með bréfi, dags. 5. febrúar 2009 og viðbótargögn þann 3. mars 2009.

Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir málið telur ríkistollanefnd að málsmeðferð tollstjóra frá því að hann sendi kæranda bréf, dags. 21. maí 2007, um fyrirhugaða endurákvörðun sína á gjöldum vegna innflutnings á 18 vörusendingum og uns hann úrskurðaði í málinu með formlegum úrskurði, dags. 11. ágúst 2008, sé andstæð tollalögum, sbr. 4. mgr. 114. gr. tollalaga nr. 88/2005, en þar segir: “Úrskurður um endurákvörðun skal kveðinn upp innan 30 daga frá lokum þess frests sem innflytjanda var veittur til þess að tjá sig um fyrirhugaða endurákvörðun. Innflytjanda skal tilkynnt um úrskurð með ábyrgðarbréfi. “Í eldri tollalögum, sbr. lög nr. 25/1987, sbr. breytingu með lögum 81/1998 er sambærilegt ákvæði í 4. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 25/1987. Hin langa málsmeðferð eða í u.þ.b. 14 mánuði frá fyrirhugaðri endurákvörðun er einnig að mati ríkistollanefndar í andstöðu við góða stjórnsýslu. Ákvæði tollalaga eru alveg skýr og ófrávikjanleg. Tollstjóri hefur í raun mjög rúmar heimildir að vissum skilyrðum uppfylltum til þess að endurákvæða gjöld allt að sex ár aftur í tímann talið frá tollafgreiðsludegi vöru. Eins og ríkistollanefnd hefur áður tjáð sig um ber hins vegar að mati nefndarinnar að beita þessari viðtæku heimild með varúð. Þegar tollstjóri sendir hins vegar kæranda bréf um fyrirhugaða endurákvörðun og tilgreinir lögum samkvæmt ákveðinn frest til andsvara þá hefur tollstjóri lögum samkvæmt 30 daga talið frá þeim fresti til að kveða upp úrskurð sinn. Þennan frest getur tollstjóri ekki framlengt, hvorki með formlegum né óformlegum hætti. Það liggur í hlutarins eðli að tollstjóri á ekki að senda aðila bréf um fyrirhugaða endurákvörðun gjalda nema málið hafi verið rannsakað vel og liggja ljóst fyrir á þeirri stundu að formlegur úrskurður um endurákvörðun muni eiga sér stað. Það ætti m.ö.o. að heyra til undantekninga ef andmæli kæranda við fyrirhugaðri endurákvörðun eiga að leiða til þess að tollstjóri hætti við fyrirhugaða ákvörðun sína um endurákvörðun gjalda, enda fer öll rannsóknarvinna og undirbúningsvinna við fyrirhugaðan úrskurð fram áður en tollstjóri sendir bréf um fyrirhugaða endurákvörðun. Það að senda kæranda bréf um fyrirhugaða endurákvörðun er hins vegar eðlileg regla sem á að tryggja það að kærandi geti komið að sínum sjónarmiðum og andmælum áður en fullnaðarúrskurður er kveðinn upp af tollstjóra.

Vegna þess hvernig mál þetta er vaxið þykir ekki ástæða til að fara efnislega ofan í einstakar athugasemdir tollstjóra við tollafgreiðslu viðkomandi vörusendinga, né þykir ástæða til að skoða andmæli kæranda efnislega. Almennt séð er hins vegar rétt hjá tollstjóra að innflytjandi ber fulla ábyrgð á því að ef hann nýtir sér ívilnanir eins og EUR tollmeðferð, þá verða að vera til staðar gögn sem sanni uppruna vöru í samræmi við lög og reglur hverju sinni. Innflytjandi verður því að gæta þess að öllum formskilyrðum sé fullnægt. Hann verður líka að tryggja það í pappírslausri tollmeðferð vöru að hann geti framvísað gögnum sem sýni fram á uppruna vöru með óyggjandi hætti.

Með vísan til framanritaðs er það niðurstaða ríkistollanefndar að hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 37/2008 skuli felldur úr gildi.